

**A 1689/vælfärd**

Flytjandi:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer: 16-00273-2

## Þingmannatillaga um vaxandi andlega vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún þrúi úrræði sem gefa börnum og ungmennum á Norðurlöndum, sem þjást af andlegri vanlíðan, kost á að leita sér aðstoðar á netinu;

að hún dragi einnig fram góð dæmi þar sem velferðartækni er notuð á Norðurlöndum til að veita ungmennum stuðning og aðstoð gegnum netið;

að gerðar verði rannsóknir á andlegri vanlíðan í því skyni að finna árangursríkar aðferðir til að veita stuðning og aðstoð þeim ungmennum sem þjást af andlegri vanlíðan.

### Forsaga

Andleg vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum verður æ algengari. Sænskar hagtolur (Statistiska centralbyrån, SCB) sýna að á 9. áratug síðustu aldar þjáðust um 8% ungmenna þar í landi af kvíða, angist og svefnleysi. Frá þeim tíma sem liðinn er hafa sálílkamlegir kvillar ungmenna orðið algengari en á 10. áratugnum höfðu fleiri en 20% ungmenna fundið fyrir þeim. Þróunin er svipuð hvarvetna á Norðurlöndum, samkvæmt skýrslu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Þó er meiri munur á borgum og landsbyggðinni en milli landa. Skýrslan ber heitið *When someone has to take charge* og styðst við djúpvíðtöl sem tekin voru við norsk, íslensk og færeysk ungmenni.

Ýmsar rannsóknir sýna að atvinnuleysi, lélegur námsárangur og menntunarleysi eru allt þættir sem valda andlegri vanlíðan. Áður fyrr nægði grunnskólapróf til að fá vinnu en í dag er yfirleitt farið fram á framhaldsskólapróf og kröfur um frekari menntun verða algengari. Aðrar ástæður andlegra kvilla eru erfiðar aðstæður í æsku, til að mynda brotnar

fjölskyldur þar sem áfengisvandamál eða ofbeldi eru á heimilinu. Líkamlegt og andlegt einelti getur einnig haft alvarleg áhrif á heilsu fólks. Einelti getur einnig átt sér stað á samfélagsmiðlum þar sem gerandinn getur setið um þolandann nánast allan sólarhringinn. Andleg vanlíðan er orðin algengari í öllum hópum en tengist greinilega ýmsum félagslegum þáttum.

Brýnt er að ungmenni fái aðstoð og hjálp nógu snemma, eins og tekið er fram í skýrslu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Það er afar mikilvægt að ungmennum finnist að eftir þeim sé tekið, að á þau sé hlustað og þau tekin alvarlega. Því miður eru mörg ungmenni einmana og vantar einhvern að ræða við. Mörg ungmenni leita aðstoðar en önnur ekki. Mestu skiptir að auðvelt sé að leita sér aðstoðar og vita hvar hana er að finna. Hjálpin á að vera innan seilingar í sama umhverfi og börnin og ungmennin eða þar sem auðvelt er að nálgast hana. Mörg ungmenni nútímans eru vön netheimum þar sem þau vafra, spjalla og leita upplýsinga á Internetinu. Velferðartækni er svið sem má útvíkka og þróa í þá veru að ungmenni geti auðveldlega leitað sér hjálpar á netinu.

Í Svíþjóð og Danmörku eru dæmi þess að hægt sé að leita sér aðstoðar á netinu. Í Svíþjóð starfa til dæmis sjálfboðasamtökin *Tilia*. Þangað getur ungt fólk á aldrinum 12–30 ára leitað á kvöldin, um helgar og á helgidögum hvort sem er í tölvupósti eða netspjalli. Um er að ræða góðgerðastarfsemi sem gefur ungmennum kost á að leita sér hjálpar. Getur það verið fyrsta skrefið fyrir unga manneskjur sem hefur þörf fyrir að tala við einhvern. Einstaklingurinn getur einnig fengið aðstoð til að leita sér faglegrar hjálpar. *Tilia* gefur einnig unga fólkinu kost á að hittast, t.d. í sumarbúðum eða stuðningshópum.

Í Danmörku starfa samtökin *Headspace*. Þangað geta ungmenni leitað til að ræða við einhvern, annað hvort með því að mæta í eigin persónu eða gegnum síma, tölvupóst eða netspjall. Starfsfólk *Headspace* eru sjálfboðaliðar sem þekkja vandann af eigin raun eða eru menntaðir sálfræðingar eða kennarar.

Miklu máli skiptir að ungmennin finni auðveldlega og fái tilskilda aðstoð þegar vanlíðan þjakar þau. Netið má þróa sem vettvang þar sem hægt er að leita sér aðstoðar, helst samhliða hjálp sem felst í að ungmennin hittast í raunheimum og ræða saman.

Stokkhólmi, 26. september 2016

*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Gunvor Eldegard (A)*  
*Helgi Hjörvar (A)*  
*Irene Johansen (A)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Knut Storberget (A)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*Lennart Axelsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Phia Andersson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Sonja Mandt (A)*  
*Suzanne Svensson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*  
*Ville Skinnari (sd)*

Norðurlandaráð

**A 1689/välfärd**

Flytjandi:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer: 16-00273-2